

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir.

Inngangur:

Aðgerðaáætlun í úrgangsmálum Reykjavíkurborgar, *Framtíð úrgangsmála í Reykjavík*, var samþykkt í borgarstjórn 19. janúar 2016. Áætlunin gildir fyrir árin 2015 - 2020 og er markmið hennar að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Tíu leiðarljós voru lögð fram samhliða aðgerðaráætluninni.

Endurskoðuð aðgerðaáætlun mun koma í stað gildandi áætlunar. Mikilvægt er að hefja vinnu við gerð hennar áður en gildandi áætlun rennur út. Lagðar verða fram áherslur og aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokki úrgangsmála frá 2019 til 2022. Úrgangsmál eru hluti af lögbundinni grunnþjónustu borgarinnar og mikilvægur þáttur í að skapa vistvænni byggð og styðja við vistvænan lífsstíl íbúa borgarinnar. Áætluninni er ætlað að auka yfirsýn og gegnsæi málaflokksins og auðvelda skipulagningu og forgangsröðun verkefna sem ráðast skal í.

Reykjavíkurborg vill vera leiðandi í að draga úr myndun úrgangs og færa neyslu og úrgangsmál í átt að hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Umhverfi og regluverk málaflokksins tekur örari breytingum nú en oft áður og sífellt nýjar lausna í hirðu og meðhöndlun úrgangs líta dags síns ljós. Tilkoma gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, sem fyrirhuguð er á vormánuðum 2020, mun einnig kalla á breytingar í þjónustu við íbúa og meðhöndlun úrgangs sem safnast.

Hlutverk:

Að endurskoða Aðgerðaáætlun í úrgangsmálum Reykjavíkurborgar, *Framtíð úrgangsmála í Reykjavík*, var samþykkt í borgarstjórn 19. janúar 2016.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Marka stefnu og leiðarljós í úrgangsmálum.
- Yfirfara stöðu verkefna í gildandi aðgerðaráætlun.
- Móta tímasettar aðgerðir út árið 2022.
- Hópurinn leiti samstarfs og samráðs við helstu hugsuði og hagsmunaðila sem við koma málaflokknum.
- Rýna gildandi stefnur og aðgerðaráætlanir sem við koma málaflokknum.

Stýrihópurinn skipa:

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis (EB-SBB-001) áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Kristín Soffía Jónsdóttir (formaður), Borgarfulltrúi Samykingarinnar.

Líf Magneudóttir, Borgarfulltrúi Vinstri grænna.

Baldur Borgþórsson, fulltrúi Miðflokksins.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og skipulagssviði verður starfsmaður hópsins.

Með hópnum mun starfa ráðgjafi sem kostaður verður af umhverfis- og heilbrigðisráði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2019.

Reykjavík, 5. september 2018

Ólöf Örvarsdóttir,
sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs